

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. febrúar 2019

**Mál nr. S-3659/2019:**

**Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**

*(Elín Hrafnisdóttir aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

**Rúnari Bjarna Bjarnasyni**

*(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)*

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 23. janúar 2020, var höfðað á hendur ákærða, Rúnari Bjarna Bjarnasyni, kt. [...], [...], Reykjavík, með ákærum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu dagsettum 13. ágúst 2019, 26. september 2019 og 14. janúar 2020.

Ákærða voru með ákæru dagsettri 13. ágúst 2019 gefin að sök eftirtalin brot:

1. „Umferðarlagabrot með því að hafa, [...] mars 2017, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 220 ng/ml, MDMA 55 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 0,9 ng/ml) um [...] í Reykjavík, við hús nr. [...], þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...] ágúst 2017, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 815 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 1,8 ng/ml) um [...] í Reykjavík, við slysadeildina, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

3. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...]. ágúst 2017, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 605 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 1,2 ng/ml) austur [...] í Reykjavík, við hús nr. 11, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.  
M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

4. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...]. ágúst 2017, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 165 ng/ml, kókaín 145 ng/ml, MDMA 45 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 0,7 ng/ml) um [...], við [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.  
M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

5. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...]. nóvember 2017, á [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum 6,76 g af amfetamíni og 0,24 g af maríhúana, sem lögreglumenn fundu við leit á ákærða.  
M: [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

6. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...]. nóvember 2017, að [...] í Reykjavík, haft í vörslum sínum 1,81 g af maríhúana, sem lögreglumenn fundu í [...].  
M: [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar

um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

7. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...]. nóvember 2017, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna og vegna áhrifa slævandi lyfja (í blóði mældist amfetamín 920 ng/ml, klónazepam 6,5 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 2,3 ng/ml), með 110 km hraða á klukkustund suður [...], við [...], þar sem leyfður hámarkshraði var 80 km á klukkustund, án þess að hlíta leiðbeiningum lögreglu um að stöðva akstur, áfram að [...], til móts við hús nr. [...], þar sem ákærði missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum að bifreiðin hafnaði utan vegar  
M: [...]

Telst brot þetta varða við 3. mgr. 5. gr., 1., sbr. 3. mgr. 37. gr., 1., sbr. 2. mgr. 44. gr., 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

8. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...]. nóvember 2017, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 875 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 1,0 ng/ml) suður [...] í Reykjavík, við [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.  
M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

9. Þjófnað með því að hafa, annars vegar [...]. desember 2017, á [...] í Reykjavík dælt eldsneyti á bifreiðina [...] að fjárhæð kr. 11.525 og hins vegar með því að hafa, [...]. desember 2017, á [...] dælt eldsneyti á bifreiðina [...] að fjárhæð kr. 4.971 og í bæði skiptin greitt fyrir í sjálfsafgreiðslu með eldsneytiskorti [...] skráð á [...] án þess að hafa heimild til að nota kortið.  
M: [...]

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

10. Umferðar- og fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...]. desember 2017, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 1300 ng/ml) vestur [...],

við hús nr. [...], þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða og að hafa skömmu síðar á lögreglustöðinni á [...] haft í vörslum sínum 3,66 g af amfetamín sem lögreglumenn fundu við leit á ákærða og að hafa haft í vörslum sínum 4,29 g af amfetamíni, 1,31 g af tóbaksblönduðu kannabisefni og 41 stykki af MDMA, sem lögreglumenn fundu við leit í bifreiðinni [...].

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

11. Hegningar- og fíkniefnalagabrot með því að hafa, á tímabilinu frá [...] desember 2017 til [...] desember 2017, brotist inn í [...] með því að spenna upp glugga og stolið þaðan fjórum tölvum, sjö skjáum, tíu lyklaborðum, fjórum músum, prentara, sjónvarpi, lenovo stöng, tösku með greindarprófi fyrir leikskólaaldur, tölvubúnaði, verkfæratösku, kassa með dóti, slípirokk, borðsög, kassagítar í gítartösku, tösku með diskókúlum, hljóðkerfi, tveimur töskum með snúrum, fimm hátölurum, álskilti, trékassa með verkfærum og magnara og að hafa, er lögregla hafði afskipti af ákærða við M þann [...] 2017, haft í vörslum sínum 0,48 g af amfetamíni, sem lögreglumenn fundu við öryggisleit á ákærða og 0,49 g af maríhúana, sem lögregla fann við leit í bifreiðinni [...]

M: [...]

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002

12. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...] janúar 2018, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 730 ng/ml, kókaín 25 ng/ml MDMA 55 ng/ml og tetrahydrókannabínól 0,6 ng/ml) norður [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

13. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...]. janúar 2018, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 1300 ng/ml, MDMA 90 ng/ml og tetrahydrókannabínól 0,6 ng/ml) austur [...], vestan við [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

14. Umferðar- og fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...]. júní 2018, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 535 ng/ml, kókaín 80 ng/ml og tetrahydrókannabínól 1,3 ng/ml) um [...] í Reykjavík, við hús nr. [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn [...]

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

15. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...]. júlí 2018, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 550 ng/ml, kókaín 180 ng/ml, MDMA 350 ng/ml og tetrahydrókannabínól 2,4 ng/ml) um [...] í Reykjavík, við [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

16. Þjófnað með því að hafa, [...]. júlí 2018, við [...], stolið kerru að áætluðu verðmæti kr. 250.000.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

17. Þjófnað með því að hafa, [...]. júlí 2018, við ótilgreind hús í [...] í Reykjavík, stolið sex gaskútum, samtals að áætluðu verðmæti kr. 44.606, en lögregla fann fjóra af gaskútunum í bifreið ákærða og tvo af þeim við [...] síðar um nóttina.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

18. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...]. ágúst 2018, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 625 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 0,5 ng/ml) um [...] í Reykjavík, við [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

19. Brot í nánu sambandi með því að hafa, [...]. ágúst 2018, utandyra við M, veist að sambýliskonu sinni A, dregið hana með valdi að bílskúrnum og snúið hana niður og síðan dregið hana inn í bílskúrinn, allt með þeim afleiðingum að A hlaut eymsli yfir gagnauga hægra megin, dreifð eymsli yfir hrygg, roða á hnúum hægri handar, skrámur á báðum olnbogum og marbletti eftir vinstri sköflung.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

20. Umferðar- og fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...]. ágúst 2018, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 720 ng/ml) um [...] í Reykjavík, við [...], þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða, að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn án skráningarmerkja að framan og að hafa haft í vörslum sínum 0,07 g af amfetamíni, sem lögreglumenn fundu við leit í bifreiðinni [...].

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a., 1. mgr. 48. gr. og 64. gr., sbr. 17. og 19. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003, allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

21. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...]. ágúst 2018, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 780 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 1,3 ng/ml) um hringtorgið við [...], en lögregla stöðvaði aksturinn skömmu síðar.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

22. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...]. ágúst 2018, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 690 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 0,7 ng/ml) um [...], við verslunina [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

23. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...]. ágúst 2018, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 850 ng/ml og tetrahýdrókannabínól 0,8 ng/ml) um [...] í Reykjavík, við [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

24. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...]. ágúst 2018, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti með 80 km hraða á klukkustund um [...] í Reykjavík, við [...], þar sem leyfður hámarkshraði var 60 km á klukkustund.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 3. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

25. Umferðarlagabrot með því að hafa, [...]. ágúst 2018, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna

og vegna áhrifa slævandi lyfja (í blóði mældist amfetamín 820 ng/ml, klónazepam 11 ng/ml og tetrahýdókannabínól 0,6 ng/ml) um Flétturima í Reykjavík, við hús nr. [...], þar sem lögregla hafði afskipti af ákærða.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 44. gr., 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. og 1. mgr. 48. gr., allt sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

26. Fíkniefna- og hegningarlaga brot með því að hafa, [...]. ágúst 2018, við [...], í félagi við ónafngreindan aðila stolið kerru og því næst farið að [...] og stolið þaðan fimm keflum af vír að áætluðu verðmæti kr. 2.677.482 og að hafa haft í vörslum sínum 0,88 g af amfetamíni, sem lögregla fann við öryggisleit á ákærða.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. og 102. gr. laga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993, sbr. 18. gr. laga nr. 66/2006. Þá er krafist upptöku á samtals 16,14 g af amfetamíni, 2,54 g af maríhúana, 1,31 g af tóbaksblönduðu kannabisefni og 41 stykki af MDMA, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

#### *Einkaréttarkrafa:*

Þá gerir B, kt. [...], f.h. C., kt. [...], kröfu um að ákærða Rúnari Bjarna Bjarnasyni, kt. [...], verði gert að greiða kr. 486.842 auk vaxta, samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá [...] desember 2017 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.“

Með ákæru dagsettri 26. september 2019 voru ákærða gefin að sök eftirtalin brot:

1. „Fjársvik með því að hafa, [...] nóvember 2017 og [...] nóvember 2017, svikið út vöru og þjónustu samtals að fjárhæð kr. 23.795 með því að framvísa við starfsmenn C í blekkingarskygni og án heimildar eldsneytiskorti í eigu J og látið skuldfæra andvirði kaupanna á reikning rétt hafa í eftirtöldum verslunum C.

Tilvik	Dags. og tími	Vettvangur	Fjárhæð	
1.	[...].11.2017, kl. 10:49	[...]	kr.	12.496
2.	[...].11.2017, kl. 01:57	[...]	kr.	6.761
3.	[...].11.2017, kl. 02:03	[...]	kr.	1.877
4.	[...].11.2017, kl. 02:03	[...]	kr.	1.268
5.	[...].11.2017, kl. 02:04	[...]	kr.	1.393

M: [...]

Teljast brot þessi varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Þjófnað með því að hafa, [...]. ágúst 2018, í fjögur tilgreind skipti á þjónustustöðvum D dælt eldsneyti samtals að fjárhæð kr. 22.402 og greitt fyrir í sjálfsafgreiðslu með dælulyklum skráðum á E án þess að hafa heimild til að nota dælulyklana.

Tilvik	Tími	Vettvangur	Fjárhæð	
1.	Kl. 02:55	[...]	kr.	12.496
2.	Kl. 04:30	[...]	kr.	6.761
3.	Kl. 05:53	[...]	kr.	1.877
4.	Kl. 05:58	[...]	kr.	1.268

M: [...]

Teljast brot þessi varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...]. janúar 2018, við N haft í vörslum sínum 4,47 g af amfetamíni, 1,10 g af tóbaksblönduðu kannabiseftni, 7,50 g af MDMA og 0,85 g af maríhúana, sem lögreglumenn fundu við leit í bifreiðinni [...].

M: [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

4. Hilmingu með því að hafa, [...]. janúar 2018, í bílskúr við N, haft í vörslum sínum þrjú veiðihjól, þrjár veiðistangir, veiðibox með flugum í, veiði- og skíðafatnað, hlífðarbúnað í bíl, stangahaldara á bíl, hljóðblöndunartæki, tvær töskur með skíðabúnaði í, fjóra skíðahjálma, þrjú pör af skíðaklossum, þrenn skíðagleraugu, tvo skíðapoka með skíðum í, fjögur pör af skíðum, skíðastafi (munir [...] og munir [...] í munaskrá [...]), þrátt fyrir að ákærða hafi verið ljóst að um þýfi væri að ræða og þannig haldið mununum ólöglega frá eigandanum, en þeim hafði verið stolið úr geymsluskúr við O nokkrum vikum áður ([...]).

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 254. gr., en til vara 263. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

5. Hilmingu með því að hafa, [...]. janúar 2018, í bílskúr við N haft í vörslum sínum 12 stykki af Marley heyrnatólum, einn Marley hátalara og náttföt af gerðinni Tufte, þrátt fyrir að ákærða hafi verið ljóst að um þýfi væri að ræða og þannig haldið mununum ólöglega frá eigandanum, en þeim hafði verið stolið úr [...] í Reykjavík, þann [...]. janúar 2018 ([...])

M: [...]

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 254. gr., en til vara 263. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

6. Fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...]. janúar 2018, við O haft í vörslum sínum 6 stykki af MDMA, sem lögreglumenn fundu við öryggisleit á ákærða.

M: [...]

Telst brot þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

7. [...]

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er krafist upptöku á samtals sínum 4,47 g af amfetamíni, 1,10 g af tóbaksblönduðu kannabisefni, 7,50 g af MDMA, 6 stykkjum af MDMA og 0,85 g af maríhúana, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.“

Með ákæru dagsettri 14. janúar 2020 var ákærða gefið að sök „umferðar- og fíkniefnalagabrot með því að hafa, [...] ágúst 2018, ekið bifreiðinni [...] sviptur ökurétti og óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóði mældist amfetamín 635 ng/ml) norður [...], þar sem lögregla stöðvaði aksturinn, að hafa ekið bifreiðinni umrætt sinn án þess að hafa ökuljós tendruð og haft í vörslum sínum 6,63 g af amfetamíni og 6,0 millilíttra af amfetamínvökva, sem lögreglumenn fundu við leit í bifreiðinni [...] og í hjólhýsi sem ákærði dvaldi í [...].

Telst brot þetta varða við 1. mgr. 34. gr., 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., allt sbr. 1. mgr. 94. gr. og 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 101. gr. laga nr. 77/2019. Krafist er upptöku á 6,63 g af amfetamíni og 6,0 millilítrum af amfetamínvökva, sem hald var lagt á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.“

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar er lög leyfa og að fullnustu refsingar verði frestað skilorðsbundið að hluta. Þá krefst hann hæfilegrar málsvarnarlauna sér til handa.

Í þinghaldi 16. janúar sl. féll ákæruvaldið frá þeim hluta ákæru er lýtur að fíkniefnalagabroti i í ákærulið 14 í ákæru dagsettri 13. ágúst 2019. Við aðalmeðferð málsins féll ákæruvaldið jafnframt frá 7. tl. ákæru dagsettrar 26. september 2019.

## I.

Ákærði hefur, að undanskildum þeim ákæruliðum sem gerð verður grein fyrir hér á eftir, skýlaust játað þau brot sem hann eru saksóttur fyrir og gerð hefur verið grein fyrir í framangreindum ákærum. Telur dómurinn sannað með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði sé sekur um þá háttsemi sem honum er þar gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

### **Ákæra dagsett 13. ágúst 2019**

#### ***Ákæruliðir 1–4***

Ákærði viðurkennir þá háttsemi sem honum er gefin að sök og vefengir ekki atvik máls eða niðurstöðu mælinga í matsgerðum sem eru á meðal gagna málsins. Ákærði

neitar sök á þeim grunni að sök hans sé fyrnd og beri því að sýkna hann af ákæru hvað þessa ákæruliði varði. Byggir ákærði á því að ótækt sé að sakarferill ráði fyrningartíma enda væri þá í reynd í gildi tvenns konar kerfi.

Umferðarlagabrot þau sem ákærða eru gefin að sök eru framin á tímabilinu [...]. mars 2017 til [...]. ágúst 2017 en í öllum tilvikum er honum gefinn að sök akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og akstur sviptur ökurétti.

Samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 varða brot gegn lögnum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrnist sök á tveimur árum, þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en eins árs fangelsi eða refsing sú sem til er unnið fer ekki fram úr sektum. Þá fyrnist sök á fimm árum þegar ekki liggur þyngri refsing við broti en fjögurra ára fangelsi.

Þegar litið er til áralangrar dómvenju við ákvörðun refsinga fyrir ítrekuð umferðarlagabrot þeirrar tegundar er ákærði hefur gengist við og með vísan til 81. gr. almennra hegningarlaga er ljóst að ætlast er til þess við mat á fyrningartíma brota að litið sé til þeirrar refsingar sem ákærði hefur til unnið. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ítrekað gerst sekur um akstur sviptur ökurétti og undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Brot hans nú, sem eru framin annars vegar fyrir uppkvaðningu dóms Héraðsdóms Reykjavíkur [...]. maí 2017 og hins vegar áður en hann gekkst undir sátt [...]. nóvember 2017, varða fangelsisrefsingu samkvæmt framangreindri dómvenju. Sök ákærða fyrnist því á fimm árum og er ófyrnd. Verður hann því sakfelldur fyrir þau brot sem honum eru gefin að sök.

### ***Ákæruliður 19***

Þann [...]. ágúst 2018, kl. 6:50, var kallað eftir aðstoð lögreglu en þær upplýsingar fylgdu tilkynningu að maður væri að ganga í skrokk á konu við bílskúr á móts við M. Segir í frumskýrslu að lögreglumenn hafi þekkt til ákærða vegna fyrri afskipta og þekkt staðsetningu bílskúrsins. Á vettvangi sást enginn utandyra en ákærði og brotaþoli voru stödd í umræddum bílskúr. Fram kemur að brotaþoli hafi stokkið upp, verið í uppnámi og viljað komast í burtu. Lögregla ræddi við ákærða sem var sagður nokkuð rólegur.

Í skýrslunni segir að umræddur bílskúr tilheyrir N. Hafi þar verið mikil óreiða, óþrifnaður og greinileg merki um neyslu fíkniefna.

Rætt var stuttlega við brotaþola á vettvangi og var henni leiðbeint með að hún gæti skorast undan vitnaskyldu sökum tengsla við ákærða „þar sem þau eru par“. Greindi hún svo frá að þau ákærði hefðu verið að vakna og hefði hann verið eitthvað pirraður. Hafi hann kastað til hlutum og hún orðið hrædd, farið út og ætlað að leita sér aðstoðar. Hafi ákærði þá komið „askvaðandi“ á eftir henni og dregið hana með valdi

aftur að bílskúrnum, snúið hana niður, þröngvað henni þangað inn og lokað á eftir sér. Sýndi brotþoli opið sár á hægri olnboga sem hún kvaðst hafa hlotið við framangreind átök. Var hún ekki með aðra sýnilega áverka.

Á vettvangi var einnig rætt við vitni sem kvaðst hafa horft á hluta atburðarásarinnar út um glugga íbúðar sinnar.

Ákærði var handtekinn í kjölfarið og færður í fangageymslu. Segir í vistunarskýrslu að ástand hans hafi verið annarlegt. Var hann yfirheyrður síðar um daginn. Ákærði neitaði því að hafa beitt brotþola ofbeldi og kvaðst hafa viljað koma henni inn í bílskúrinn þegar hún hefði farið að öskra.

Tekin var skýrsla af brotþola á lögreglustöð sama morgun. Fram kemur í skýrslunni að henni hafi verið kynnt réttarstaða sín samkvæmt 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála þar sem ákærði væri kærasti hennar.

Haft var eftir brotþola að hún hefði verið í sambandi við ákærða í sex til tólf mánuði og það væri „on off samband“. Að undanfögnu hefðu þau dvalið í innréttuðum bílskúr að N. Lýsti hún atvikum svo að þau hefðu bæði neytt amfetamíns kvöldið áður. Ákærða hafi gengið illa að sofa og vaknað brjáláður og viljað fá peningaumslag sem brotþoli kvaðst hafa afhent honum áður. Hafi hún ætlað að hjálpa honum að leita og m.a. farið út úr bílskúrnum en hann hafi þá farið á eftir henni og þrýst henni með valdi niður í götuna þannig að hún hlaut áverka á mjöðm og olnboga. Ákærði hafi síðan dregið hana inn í bílskúrinn og sagt að hún væri ekkert að fara.

Brotþoli var flutt á slysadeild. Í læknisvottorði E, læknis á slysadeild, lýsti brotþoli að sambýlismaður hefði ráðist á sig. Hafi hann verið í brjálæðiskasti og utandyra hafi hann haldið henni niðri og þrýst við það hægri hlið höfuðs hennar niður að stétt og hótað henni lífláti. Hafi hann svo dregið hana nokkra metra inn í bílskúr. Kvaðst brotþoli vera með verk í vinstri sköflungi og hægri hendi. Einnig kvaðst hún vera með smávægilegan höfuðverk og verk í mjóbaki. Fannst henni sem gamall verkur í hálsi hefði versnað. Ástandi brotþola er lýst svo að hún hafi verið skýr og ekki bráðveikindaleg en í uppnámi. Í vottorðinu er áverkum á brotþola lýst og þeir myndaðir. Um var að ræða eymsli við þreifingu yfir gagnauga hægra megin, dreifð eymsli við þreifingu yfir hrygg en ekki klárt punkteymsli og eymsli neðarlega á hálsi er brotþoli taldi gömul eymsli. Roði var á hnúum á hægri hendi og skrámur á báðum olnbogum. Á neðri útlimum hafi sést fjólubláir marblettir yfir vinstri sköflungi. Samantekið segir í vottorðinu að ofangreindir áverkar hafi allir verið minni háttar og þarfnist brotþoli ekki frekari meðferðar.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði gerði grein fyrir tengslum sínum við brotþola en hann kvað hana ekki hafa verið sambýliskonu sína eða kærustu. Hefðu þau verið neyslufélagar og í kynlífssambandi endrum og sinnum en ákærði kvaðst hafa þekkt hana í mesta lagi eitt ár. Þessa nótt hefðu þau haldið til í bílskúr sem væri í eigu K.

Ákærði kvaðst ekki hafa veist að brotþola eins og honum væri gefið að sök í ákæru. Hún hafi verið með uppsteyt og læti utandyra og hann hafi viljað koma í veg fyrir að hún væri með hávaða. Kvaðst hann hafa komið henni inn í bílskúrinn með því að taka um hana og halda á henni en hann hefði ekki beitt hana ofbeldi. Aðspurður kvað ákærði hugsanlegt að brotþoli hefði dottið í götuna á meðan á þessu stóð en hann benti líka á að það hefði verið myrkur í bílskúrnum og að brotþoli hefði ráðist á sig. Hefði komið til átaka og hlutir dottið á gólfið. Hefði hún síðan tekið peningaumslag sem hann átti og farið með það út. Kvaðst ákærði hafa viljað stöðva hana.

F kvaðst búa að M og vita að ákærði væri sonur [...] og hefði verið talsvert ónæði af honum. Umrætt sinn hefði hún vaknað við hávaða fyrir utan og séð þá er ákærði bakkaði bíl sínum upp að bílskúr [...]. Kvaðst vitnið hafa horft út um svefnherbergisgluggann sem væri í beinni sjónlínu við bílskúrinn. Vitnið kvaðst síðan hafa vaknað um morguninn við öskur og vein og litið út um gluggann. Hafi hún séð ákærða leita að einhverju í bílnum og hefði hann viljað að stúlka sem þarna var hjálpaði honum. Þá hafi vitnið séð er stúlkan gekk í áttina að [...] en ákærði hefði farið á eftir henni og ýtt henni í átt að bílskúrnum. Þau hafi rifist og hann dregið hana til en stúlkan hafi ekki viljað fara með honum og streist á móti. Hafi hann „lamið í hana“ og haldið í framanverðan háls hennar og farið með hana „á hálsinum“. Hafi hún síðan dottið fyrir framan bílinn og hafi vitnið ekki séð hvað þá gerðist. Aðspurð kvaðst vitnið hafa séð stúlkuna nokkrum dögum áður en ekki vita hver hún væri.

G sem er íbúi að M kvaðst hafa litið út um glugga sinn á 3. hæð en glugginn snúi að umræddum bílskúr. Kvaðst hún hafa séð mann og konu með læti. Hafi hún séð er konan gekk frá skúrnum en maðurinn hefði togað í hana og viljað fá hana í skúrinn. Virtist vitninu sem konan vildi ekki fara með honum. Hann hafi keyrt konuna niður í jörðina og þau síðan farið í bílskúrinn. Aðspurð kvað hún rétt eftir sér haft í lögregluskýrslu að maðurinn hefði dregið konuna í bílskúrinn.

Rannsóknarlögreglumaður sem tók skýrslu af brotþola á lögreglustöðinni kvaðst hafa verið beðinn að mæta á lögreglustöðina vegna heimilisofbeldis en þær upplýsingar hefðu fylgt að brotþoli væri kærasta ákærða. Lýsti hún atvikum eins og nánar greinir í skýrslunni. Vitnið kvaðst áður hafa haft afskipti af ákærða og brotþola hvoru í sínu lagi en ekki sem sambýlisfólki eða pari. Vitnið kvaðst ekki muna eftir áverkum á brotþola.

*Læknir á slysadeild* staðfesti læknisvottorð sitt og lýsti helstu atriðum þess og álitni. Kvað hann áverka brotþola hafa verið nýlega og nefndi í því sambandi að marblettirnir hefðu verið fjólubláir. Þá kvað hann áverkana geta samræmst þeirri lýsingu sem brotþoli hefði gefið á ofbeldi gegn sér.

Þrír lögreglumenn sem komu á vettvang gerðu grein fyrir aðkomu sinni að málinu. Einn þeirra kvaðst hafa haft afskipti af ákærða og brotþola áður án þess að muna nákvæmlega hvenær það var. Kvað vitnið þau hafa verið kærustupar, það hefði m.a. komið fram í samskiptum við þau sjálf og hefði vitninu fundist það augljóst.

### **Niðurstaða**

Samkvæmt ákærulið þessum er ákærða gefið að sök brot í nánu sambandi með því að hafa veist að brotþola með nánar tilgreindum hætti. Í verknaðarlýsingu segir að brotþoli sé sambyliskona hans.

Forsenda þess að brot verði heimfært undir 218. gr. b í almennum hegningarlögum er að ákærði og brotþoli séu talin nákomin í skilningi ákvæðisins. Af dómaframkvæmd verður ráðið að við mat á því hvort samband sé nægilega náíð beri að líta til eðlis sambandsins, þ.e. þess hversu nán félagsleg tengsl séu á milli aðila og hvort ráða megi af gögnum máls að ákveðin festa hafi verið komin á samskiptin. Í því sambandi verður m.a. litið til tímalengdar sambandsins. Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem varpa ljósi á framangreint. Þá liggja ekki fyrir nein gögn vegna fyrri afskipta í tengslum við sambærileg mál þeirra á milli. Vitni hafa ekki getað borið um inntak eða eðli sambands ákærða og brotþola, að undanskyldum einum lögreglumanni sem kvað það hafa verið augljóst og m.a. komið fram í samskiptum við þau sjálf. Þá er í læknisvottorði vísað til ákærða sem sambylismanns.

Af frumskýrslu málsins og öðrum gögnum sést að mál þetta fór þegar í farveg máls vegna heimilisofbeldis. Ákærði hefur þrátt fyrir það frá upphafi borið að brotþoli hafi hvorki verið sambyliskona hans né kærasta heldur hafi samband þeirra verið kynferðislegs eðlis auk þess sem þau hafi verið neyslufélagar.

Brotþoli kom ekki fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins en hún er óstaðsett í hús og þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst lögreglu ekki að hafa uppi á henni. Á meðal gagna er framangreind hljóðupptaka af lögregluskýrsla brotþola og verður framburður hennar þar lagður til grundvallar með vísan til 3. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008. Í skýrslunni greinir brotþoli svo frá að hún og ákærði hafi verið í „saman og sundur“ sambandi í 6–12 mánuði og dvalið að undanfögnu í bílskúrnum. Inntaki sambandsins lýsti hún ekki frekar.

Þegar litið er til þess sem að framan er rakið og þess að allan vafa um hvort samband ákærða og brotþola hafi verið náíð í skilningi 218. gr. b í almennum

hegningarlögum ber að skýra ákærða í hag, fellst dómurinn ekki á að háttsemi ákærða teljist vera brot í nánu sambandi og heimfærð undir ákvæðið.

Ákærði viðurkenndi að hafa reynt að koma brotþola inn í bílskúrin og hafi hann til þess þurft að halda á henni. Taldi hann hugsanlegt að hún hefði dottið í götuna meðan á þessu stóð. Við mat á sönnunargildi framburðar ákærða er til þess að líta að hann var í mikilli neyslu á þessum tíma og setur það mark sitt á minni hans og skynjun á aðstæðum. Brotþoli lýsti atvikum með öðrum hætti hjá lögreglu. Kvað hún ákærða hafa komið á eftir sér, hann hefði dregið hana í áttina að skúrnum og þrýst henni niður í jörðina þar. Fær framburður hennar styrka stoð af trúverðugum framburði tveggja vitna en gögn málsins bera jafnframt með sér að hún hafi verið í uppnámi og kemur það einnig fram í læknisvottorði, auk lýsingar hennar á atvikum.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn sannað að ákærði hafi beitt brotþola ofbeldi umrætt sinn eins og nánar er lýst í ákæru. Hvað áverka á brotþola varðar er óljóst hvort þá megi alla rekja til atviks þessa. Í frumskýrslu er getið um opið sár á olnboga sem brotþoli sýndi lögreglumanni. Í læknisvottorði segir m.a. að brotþoli hafi auk annarra minni háttar áverka verið með skrámur á olnbogum.

Þar sem ekki var tekin skýrsla af brotþola fyrir dómi og því ekki möguleiki til þess að spyrja hana um önnur einkenni sem getið er um í læknisvottorði telur dómurinn, að virtum gögnum og framburði vitna, aðeins unnt að rekja áverka á olnboga og eymsli yfir gagnauga til ofbeldis ákærða umrætt sinn. Eftir sem áður verður háttsemi ákærða heimfærð undir 217. gr. almennra hegningarlaga, en um samhverft brot er að ræða og háttsemin því refsiverð án tillits til afleiðinga.

## **Ákæra dagsett 26. september 2019**

### ***Ákæruliðir 4–6***

Í frumskýrslu lögreglu frá [...]. janúar 2018 og samantekt vegna rannsóknar greinir frá því að lögregla hafi, í tengslum við rannsóknir á auðgunarbrotum á höfuðborgarsvæðinu, fylgst með bifreið ákærða sem staðsett hafi verið við N, heimili [...]. Fram kemur að ákærði hafi verið í mikilli fíkniefnaneyslu á þessum tíma. Segir í frumskýrslu að lögregla hafi þennan dag kl. 19:20 haft afskipti af ákærða og kynnt honum að hann væri grunaður um ýmis auðgunarbrot. Ákærði samþykkti leit í bifreið sinni og fundust þar munir sem grunur lék á að væru þýfi. Fannst þar m.a. kassi með náttbuxum og náttbol tiltekinnar tegundar.

Í skýrslunni segir að lögregla hafi áður í tengslum við rannsókn haldlagt þýfi í bílskúr er tilheyrði íbúð K. Var leitað eftir samþykki hennar fyrir leit í bílskúrnum en í skýrslu segir að ákærði hafi ítrekað gripið fram í fyrir henni og hrópað að hún ætti ekki að leyfa leit í bílskúrnum. Heimilaði hún ekki leit í skúrnum. Þá kemur fram að

ákærði hafi orðið æstur og því verið færður í lögreglutök og hann handjárnaður. Eftir að hafa rætt við lögmann sinn heimilaði ákærði lögreglu að horfa inn í bílskúrinn og sótti bílskúrshurðaropnara í bifreið sína. Ákærði ætist að nýju er lögregla kvaðst „frysta vettvang“ og var hann færður á lögreglustöð. Var bílskúrinn að því búnu innsiglaður, bílskúrshurðaropnarinn haldlagður og varðpóstur settur upp.

Leit var gerð í bílskúrnum næsta dag á grundvelli úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur. Í skýrslu lögreglu um leitina kemur fram að fundist hafi m.a. 12 stk. Marley-heyrnartól, 1 stk. Marley-hátalari og ein náttföt sömu tegundar og fundust í bíl ákærða. Þá fannst veiði- og skíðabúnaður er talinn var kominn úr geymsluhúsnæði við O.

Í tengslum við rannsókn málsins var ákærða gert að sæta gæsluvarðhaldi en hann hafði komið við sögu í fjölmörgum málum lögreglu. Hafi hann verið í slagtogi við aðra aðila sem sumir hverjir voru óþekktir. Var hann laus úr haldi eftir þrjú daga. Fylgst var með ferðum ákærða í kjölfarið, að fengnum úrskurði um heimild til að fylgjast með ferðum bifreiðar ákærða með eftirfararbúnaði. Hafði lögreglan afskipti af honum við iðnaðarhúsnæði í O [...]. janúar 2018 en við leit í húsnæðinu fundust munir er tengdust öðrum málum sem til rannsóknar voru, m.a. úr geymsluhúsnæði á svæðinu. Segir í upplýsingaskýrslu er tengist þessum hluta rannsóknar að ákærði hafi verið í mjög annarlegu ástandi og undir greinilegum áhrifum fíkniefna. Við leit á ákærða fundust í buxnavasa hans ætluð fíkniefni í litlum, svörtum poka. Í efnaskýrslu lögreglu kemur fram að um hafi verið að ræða sex stk. af ecstasy-töflum.

Fyrir liggja munaskýrslur lögreglu þar sem getið er um framangreinda muni.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu [...]. janúar 2018. Var honum kynnt að leit hefði verið gerð í bílskúrnum að N og hald lagt á muni sem taldir væru tengjast þjófnaði úr gámi við Ó. Þá var ákærða kynnt að í bifreið hans hefðu fundist náttbuxur og kassi með náttfötum sem staðfest væri að væru þýfi úr versluninni. Var ákærða boðið að tjá sig um framangreint og svaraði hann „Eruð þið að tala um bluetooth-spilahátalara og það. Mér var gefinn hann.“ Þá sagði ákærði: „Ég er bara kominn í flækju milli manna sem ég hef ekkert að segja við. Hann kom þarna með þennan kassa sem ég geymdi upp á hillu og gaf mér eitthvert drasl, hátalara, í staðinn.“ Nánar spurður hver hefði látið hann fá hátalarann svaraði ákærði „Dópsalarnir mínir, má segja“. Ákærða var einnig kynnt að lögregla hefði lagt hald á ætlað þýfi, m.a. veiðibúnað og skíðabúnað, en hann kaus að tjá sig ekki um það. Spurður um Marley-hátalara, bluetooth, og hvort það væri sami hátalari og ákærði hefði nefnt áðan kvað hann aðila sem hann skuldaði hafa afnot af bílskúrnum. Vildi hann þó ekki nafngreina hann. Spurður um 12 stk. af Marley-heyrnartólum kvaðst ákærði ekki vita hvað

„hann“ hefði verið að setja í bílskúrinn. Kvaðst ákærði hafa lánað honum fjarstýringuna og hefði talið hann í mesta lagi vera að fela fíkniefni.

Í skýrslutöku af ákærða [...]. janúar 2018 var hann spurður um fíkniefni sem fundust í buxnavasa hans og svaraði ákærði því til að hann héldi að það hefðu verið þrjár til fjórar e-pillur.

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna við aðalmeðferð málsins, að því marki sem nauðsynlegt þykir til úrlausnar þess.

Ákærði lýsti því að það tímabil sem hér um ræðir hefði verið hræðilegt og hann í reynd alveg misst tókin. Hafi hann verið í mikilli fíkniefnaneyslu í desember og á götunni. Hafi hann verið kominn í skuldir og vantað fíkniefni. Hefði hann verið beðinn að gera eitthvað í því og bent á ákveðinn stað til að brjótast inn. Það hafi hins vegar klikkað. Hann hafi á þessum tíma haft aðgang að bílskúr K en kvaðst ekki muna hvað hann var þar mikið. Með honum í slagtogi hafi stundum verið [...] sem ákærði nafngreindi en hann taldi nú farinn úr landi, sem hefði einnig haft aðgang að bílskúrnum og fjarstýringunni frá því um jólin. Hafi einhverjir hlutir ratað í skúrinn sem gætu verið á hans vegum en ákærði hefði talið hann aðeins ætla að gista þar. Hugsanlegt hafi verið að hann hefði geymt þar fíkniefni. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa geymt þýfi í skúrnum. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu og kvaðst hann ekki muna eftir skýrslutökunni eða raunar öllum þessum tíma. Vegna neyslu sinnar hafi hann ekki haft neina stjórn á aðstæðum og allt verið í móðu.

Ákærði kvaðst aðspurður ekki muna eftir því að hafa haft í vörslum sínum MDMA-töflur þegar lögregla hafði afskipti af honum í O en mundi eftir handtökunni. Hann kvaðst ekki muna eftir svörum sínum í skýrslutöku hjá lögreglu um fíkniefnin.

Lögreglumenn H og I lýstu aðkomu sinni að máli ákærða [...]. janúar 2018 og leit í bílskúr [...] að N daginn eftir. Hefðu þeir verið að fylgja eftir tilteknum málum og kvaðst lögreglumaður I hafa fengið lýsingu á manni sem væri grunaður. Þekkti hann þar ákærða eftir fyrri afskipti og vissi að hann hefði verið í óreglu þá. Fylgst hafi verið með bíl ákærða og þegar hann kom út hafi þeir haft afskipti af honum við N. Hann hafi hlaupið inn í bílskúrinn og læst að sér en komið út þegar honum var kynnt að þar væri lögreglan komin. Hann hafi heimilað leit í bílnum þar sem fundust fíkniefni og ætlað þýfi. Þá hafi ýmislegt fundist sem gaf til kynna að hann væri að brjótast inn. Kváðu lögreglumennirnir ákærða hafa verið tregan til að heimila leit í bílskúrnum, ekki viljað hleypa þeim inn í hann og að endingu neitað. Var bílskúrinn vaktaður yfir nóttina og fór leitinn fram daginn eftir. Í bílskúrnum fannst svo meira af munum sem reyndust vera þýfi, m.a. úr geymsluskúr í O og úr gámi við Ó. Aðspurðir kváðu þeir hátterni ákærða hafa verið grunsamlegt í tengslum við bílskúrinn. Kvað

lögreglumaður I að leitað hefði verið í bílskúrnunum nokkrum vikum áður í tengslum við önnur mál og lagt hald á þýfi. Hafi ákærði talað um að hann hefði lánað bílskúrinn en fjarstýringin hefði verið inni hjá K.

Spurður um fíkniefni sem fundust á ákærða [...]. janúar 2018 kvaðst vitnið hafa haft spurnir af ferðum ákærða í O. Ákærði hafi verið þar hjá félagá sínum og fíkniefni fundist í fórum ákærða.

### Niðurstaða

Um hilmingu er fjallað í 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en þar segir að haldi maður, án þess að verknaður hans varði við ákvæði 244., 245. eða 247.–252. gr., ólöglega fyrir eigandanum hlut eða öðru verðmæti, sem aflað hefur verið á þann hátt, er í þeim greinum segir, tekur þátt í ávinningnum af slíku broti, aðstoðar annan mann til þess að halda slíkum ávinningi eða stuðlar að því á annan hátt að halda við ólöglegum afleiðingum brotsins, þá skuli honum refsað með allt að fjögurra ára fangelsi.

Ákærði neitar sök. Við aðalmeðferð málsins nafngreindi ákærði fyrst aðila sem hann kvaðst hafa lánað fjarstýringu að bílskúrnunum við N. Kvaðst hann þó ekki hafa vitað að sá aðili hefði geymt þýfi í bílskúrnunum. Ákærði bar fyrir sig minnisleysi þegar undir hann voru borin svör hans hjá lögreglu. Svör hans í skýrslutöku hjá lögreglu bentu ótvírætt til þess að hann skeytti ekki um hvernig og frá hverjum hann hefði fengið hlutina í hendur og léti sér í léttu rúmi liggja þó þeir væru illa fengnir. Fær þetta stoð af framkomu ákærða á vettvangi sem lögreglumenn lýstu hér fyrir dómi. Þá liggur fyrir að bílskúrshurðaropnarinn var í fórum hans umrætt sinn. Einnig ber að hafa í huga að ákærði var í mikilli fíkniefnaneyslu á þessum tíma og þurfti að fjármagna neysluna með ólöglegum hætti. Samkvæmt gögnum málsins var í bílskúrnunum staðfest þýfi, annars vegar úr geymsluskúr við O og hins vegar úr gámi við Ó, en þýfið mun hafa komist til skila.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um hilmingu. Brot hans eru rétt heimfærð til refsíákvæðis.

Þá liggur fyrir í gögnum málsins að fíkniefni fundust í fórum ákærða við leit á honum í O. Ákærði ber fyrir sig minnisleysi um fíkniefnin. Dómurinn telur sannað með gögnum málsins og framburði hans hjá lögreglu svo og vitnisburði lögreglumanns á vettvangi að hann hafi gerst sekur um að hafa fíkniefni í sínum vörslum umrætt sinn. Brot hans er því rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

## II.

Ákærði á að baki nokkurn sakarferil en eftir 18 ára aldur hefur hann ítrekað hlotið refsingu, m.a. fyrir umferðarlagabrot, brot á lögum um ávana- og fíkniefni, líkamsárás og brot gegn valdstjórninni. Nú síðast var hann með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá [...]. febrúar 2019 dæmdur í 30 daga fangelsi en fullnustu refsingarinnar var frestað skilorðsbundið í tvö ár.

Ákærði hefur nú verið fundinn sekur um fjölmörg brot, bæði sérrefsilagabrot og brot á almennum hegningarlögum. Hann hefur játað þau að langstærstum hluta en fyrir liggur að þau voru öll framin á þeim tíma er ákærði var í mikilli fíkniefnaneyslu og óreglu áður en hann hlaut síðasta dóm sinn.

Brot ákærða, sem flest eru umferðarlagabrot, varða fangelsisrefsingu sem samanlagt hefur náð hámarki refsiramma 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Hluti þeirra brota er hegningarauki við annars vegar dóm hans frá [...]. febrúar 2019 og hins vegar sátt frá [...]. nóvember 2017.

Við ákvörðun refsingar verður litið til játningar ákærða. Þá ber að líta til þess að ákærði hefur sýnt í verki að hann vill snúa lífi sínu til betri vegar. Gögn málsins sýna jafnframt að hann hefur sagt skilið við fíkniefnaneyslu og fyrri félagsskap, leigir húsnæði utan höfuðborgarsvæðisins og hefur nú um nokkurt skeið verið í umgengni við barn sitt með góðum árangri. Hér fyrir dómi hefur hann í einlægni lýst því að hann vilji halda áfram á sömu braut og sé að gera upp fortíðarvanda. Dómurinn telur þetta einkar jákvætt og er staðreynd að breytingar sem þessar, á högum manna sem hafa verið fastir í viðjum fíkniefna og afbrota um langt skeið, eru sjaldséðar. Á hinn bóginn hefur ákærði gerst sekur um ítrekuð brot sem ná yfir langt tímabil. Finna má að því að umferðarlagabrot hans eru gömul og að afgreiðslu þeirra hafi ekki verið hraðað. Á hinn bóginn breytir það ekki þeirri staðreynd að um er að ræða margítrekuð brot fyrir akstur undir áhrifum fíkniefna og sviptur ökurétti, sem samkvæmt áralangri dómvenju leiða til óskilorðsbundinnar fangelsisrefsingar sem þyngist eftir því sem brotunum fjölga.

Við ákvörðun refsingar er einnig litið til þess að lítið tjón hlaust af hegningarlagabrotum ákærða. Þá var ákærði samvinnuþýður og vísaði á þýfi í tengslum við 26. lið ákæru frá 13. ágúst 2019 en þar var um talsverð verðmæti að ræða. Jafnframt er litið til þess að ákærði hefur samþykkt að greiða bótakrefjanda bætur í tengslum við 11. lið þeirrar ákæru. Dómurinn lítur jafnframt til stigs ásetnings í tengslum við 4. og 5. tl. ákæru dagsettrar 26. september 2019.

Með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga ber að taka upp framangreindan dóm ákærða frá 4. febrúar 2019 og ákveða honum refsingu í einu lagi, með hliðsjón af ákvæðum 77. og 78. gr. laganna. Við ákvörðun refsingar er litið til þess hve langt er liðið frá því að ákærði framdi stóran hluta brota sinna. Þykir refsing ákærða, með hliðsjón af

5., 6. og 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin tvö ár og sex mánuðir en vegna sakaferils ákærða er eigi unnt að fallast á skilorðsbindingu að hluta til. Til frádráttar refsingu ákærða kemur gæsluvarðhald sem hann sætti 13. til 17. janúar 2018.

Þá er með vísan til lagaákvæða í ákæru áréttuð ævilöng svipting ökuréttar ákærða. Jafnframt eru gerð upptæk fíkniefni þau sem lagt var hald á við rannsókn málsins eins og nánar greinir í dómsorði.

Ákærði hefur fallist á bótakröfu C og er hún samþykkt eins og nánar greinir í dómsorði.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 skal ákærði greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, og málsvarnarþóknun Lilju Margrétar Olsen lögmanns, sem kom að málinu á rannsóknarstigi, eins og nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun þóknunar er höfð hliðsjón af framlagðri tímaskýrslu lögmannna svo og reglna Dómstólasýslunnar nr. 11/2008 og umfangs máls. Tekið er tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun þóknunar lögmannna.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **D ó m s o r ð :**

Ákærði, Rúnar Bjarni Bjarnason, sæti fangelsi í tvö ár og sex mánuði. Til frádráttar refsingu ákærða kemur gæsluvarðhald sem hann sætti dagana 13. til 17. janúar 2018.

Áréttuð er ævilöng svipting ökuréttar ákærða.

Upptæk eru gerð 27,24 g af amfetamíni, 3,39 g af maríjúana, 2,41 g af tóbaksblönduðu kannabisefni, 7,50 g af MDMA, 47 stykki af MDMA og 6,0 millilítrar af amfetamínvökva.

Ákærði greiði C 486.842 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá [...] október 2017 til 15. desember 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 1.800.000 krónur, málsvarnarþóknun Lilju Margrétar Olsen, 97.526 krónur, og 3.351.177 krónur í annan sakarkostnað.

Sigríður Hjaltsted (sign.)

-----  
Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavíkur 20. febrúar 2020.

